

An aerial photograph of a coastal city, likely Reykjavik, Iceland, showing a mix of modern and traditional buildings, a harbor, and a large body of water in the background. A blue semi-transparent box is overlaid on the right side of the image, containing text and a logo.

Árshlutareikningur 31 mars 2017

Kynning fyrir fjárfesta
11. maí 2017



Helstu atburðir fyrsta ársfjórðungs

- 1** Fyrstu skrefin í sölu Arion banka, stærstu einstöku hlutabréfakaup erlendra aðila í sögu Íslands
- 2** Afnáam gjaldeyrishafta
- 3** Stöðugur rekstur á fyrsta ársfjórðungi og hærri arðsemi en á sama ársfjórðungi á síðasta ári

Helstu atburðir fyrsta ársfjórðungs

Stöðugur rekstur - breytingar á eignarhaldi bankans

Stöðugleiki

- Stöðugur rekstur á fyrsta ársfjórðungi
- Hreinar vaxtatekjur breytast lítið á milli ára
- Þóknatekjur hækka um 3%, einkum í viðskiptabankastarfsemi
- Ágæt afkoma af skráðum bréfum bankans, bæði hlutabréfum og skuldabréfum
- Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi aukast vegna innkomu Varðar í samstæðuna undir lok síðasta árs
- Rekstrarkostnaður hækkar, meðal annars vegna innkomu Varðar
- Stöðugildum fækkar um 35 frá áramótum, m.a. vegna úthýsingar upplýsingatækniverkefna til Nýherja

Nýir hluthafar Arion banka

- Í mars var tilkynnt um sölu Kaupþings, í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil, á tæplega 30% hlut í Arion banka til erlendra aðila
- Um er að ræða stærstu erlendu fjárfestingu í hlutabréfum hér á landi fyrr og síðar
- Kaupendur voru Attestor Capital LLP (9,99%), Taconic Capital Advisors UK LLP (9,99%), Sculptor Investments S.A.R.L. (6,6%), tengt Och-Ziff Capital Management Group), og Goldman Sachs International (2,6%)
- Fjárfestarnir eru allir hluthafar í Kaupþingi
- Áfram er unnið að sölufurli bankans og meðal þeirra kosta sem eru í skoðun er skráning í kauphöll

Helstu atburðir fyrsta ársfjórðungs

Áhersla á stafrænar lausnir og upplýsingatækni

Næsta kynslóð stafrænna lausna

- Arion banki hefur einsett sér að vera í fararbroddi þegar kemur að stafrænum fjármálalausnum
- Á árinu 2016 kynnti bankinn nýjar stafrænar lausnir, þar á meðal greiðslumat á netinu
- Frá og með janúar er íbúðalánaferli bankans alfarið stafrænt og er umsóknarferlið nú mun styttra og þægilegra fyrir viðskiptavini
- Einkaklúbbsappið var gefið út og hefur notið mikilla vinsælda – um 20 þúsund manns hafa sótt appið



Útvistun reksturs upplýsingakerfa

- Í janúar samdi Arion banki við Nýherja um útvistun á rekstri upplýsingakerfa bankans
- Nýherji tók þar með við rekstri allra miðlægra innviða og kerfa og sinnir jafnframt almennri tækni- og vettvangsþjónustu
- Rúmlega 20 starfsmenn Arion banka fluttust til Nýherja
- Áfram starfa um 80 manns á upplýsingatækni-sviði Arion banka, m.a. við þróun stafrænnar þjónustu bankans og tæknistjórn



Helstu atburðir fyrsta ársfjórðungs

Fjölbreytni í fjármögnun bankans

Skuldabréfaútgáfa í evrum

- Skuldabréfaútgáfa bankans frá því í desember var stækkuð um 200 milljónir evra í janúar, úr 300 milljónum evra í 500 milljónir eða sem nemur 60 milljörðum króna
- Hluti útgáfunnar var nýttur til að greiða niður eldri lán, einkum eftirstöðvar skuldabréfs í Bandaríkjadollurum frá árinu 2016, sem er í eigu Kaupþings og nam upphaflega um 750 milljónum dollara, nemur nú um 100 milljónum dollara
- Bankinn hefur einnig gefið út minni útgáfur á erlendum mörkuðum, samtals ríflega 5 milljarða króna á fjórðungnum
- Á Íslandi hefur sala á víxlum og sértryggðum skuldabréfum gengið vel á tímabilinu og er áfram mikilvægur hluti af fjármögnun bankans

Breytingar í útibúum bankans

- Útibú Arion banka á Egilsstöðum opnaði á nýjum stað eftir um 50 ár á sama stað
- Útibú bankans í Smáranum í Kópavogi var endurhannað

Fjárfestingarbanki ársins

- Fjármálatímaritið Global Finance útnefndi Arion banka besta fjárfestingarbankann á Íslandi

GLOBAL
FINANCE

Helstu atburðir fyrsta ársfjórðungs

Sterk rödd í umræðu um fjármál og fjármálafræðslu

Fundir og viðburðir

- Kynningarfundur á samstarfi Arion banka og European Investment Fund, EIF, um lánveitingar á hagstæðum kjörum vegna nýsköpunarverkefna
- Bankinn stóð fyrir fjölda fræðslufunda um fjármál m.a. fræðslufundi um sparnað til fyrstu íbúðakaupa
- Hagspá greiningardeildar var kynnt á fundi í bankanum sem og ný skýrsla um íbúðamarkaðinn
- Arion banki var með erindi á UT-messunni og fjallaði þar um stafrænar lausnir bankans og þá aðferðafræði sem unnið er eftir í þeim verkefnum
- Bankinn var með erindi á Fasteignaráðstefnunni í Hörpu og var einn af aðalbakhjörllum ráðstefnunnar

Aðalfundur og rafræn skýrslugjöf

- Aðalfundur bankans haldinn, ársskýrsla og áhættuskýrsla bankans komu út á rafrænu formi
- Aukin umfjöllun um samfélagsáherslur bankans í ársskýrslunni og sérstök umhverfisskýrsla gefin út

Nýsköpun og hönnun

- Umsóknarfrestur fyrir Startup Reykjavík rann út 31. mars og bárust 140 umsóknir
- Stuðningur við HönnunarMars auk sérstakra viðburða í Borgartúni 19
- Tvær listasýningar í Borgartúni 19, *Því myndin byrjar einhvers staðar* og *Hús í myndlist*



HönnunarMars
Reykjavík
23.–26.03.2017







Efnahagsumhverfi



Kröftugur hagvöxtur og bjartar horfur

Vel samsettur hagvöxtur og gott jafnvægi í hagkerfinu



- Hagvöxtur árið 2016 mældist 7,2% og var drifinn áfram af einkaneyslu, fjárfestingu og þjónustuútlutningi
- Viðskiptajöfnuður var jákvæður um 8% af landsframleiðslu, sem, ásamt fleiru, stuðlaði að jákvæðri erlendri stöðu þjóðarbúsins
- Gott jafnvægi er í hagkerfinu: skuldir hafa lækkað, fjárfestingarstigið er komið að langtíma-meðaltali sínu og þrátt fyrir kröftugan vöxt, hefur einkaneysla sem hlutfall af VLF aldrei verið jafn lítil



Frekari skref stigin til afnáms gjaldeyrishafta

Stór skref stigin í átt að frjálsu flæði fjármagns sem leiddu til hærri lánshæfiseinkunnar




- Í mars voru fjármagnshöft á einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði afnumin og Seðlabankinn keypti stóran hluta aflandskrónueigna
- Hingað til hafa þessi skref haft hófleg áhrif á gengi krónunnar, sem hefur haldið áfram að styrkjast en á hægari hraða. Hins vegar hefur gengisflókt aukist til muna
- Seðlabankinn keypti gjaldeyri fyrir 428 m. EUR á fyrsta ársfjórðung. Hreinn gjaldeyrisforði stendur í 5,1 ma. EUR
- Metfjöldi ferðamanna sótti landið heim á fyrsta ársfjórðungi, sem vó á móti versnandi vöruskiptajöfnuði



Fjárhagsstaða heimilanna heldur áfram að batna

Sterkur vinnumarkaður og mikil kaupmáttaraukning

- Raunlaun héldu áfram að hækka á fyrsta ársfjórðungi, þó hægt hafi á hækkuninni. Búist er við því að árstakturinn taki aftur við sér í maí þegar laun munu hækka um 4,5% skv. Salek samkomulaginu.
- Húsnæðisverð hefur hækkað hratt undanfarin misseri sökum framboðsskorts. Á sama tíma fer eftirspurn eftir húsnæði vaxandi, studd áfram af fólksfjölgun, kaupmáttaraukningu og uppgangi í ferðabjónustu.
- Húsnæðisverð keyrir áfram verðbólguna um þessar mundir á meðan innfluttar vörur vega á móti.
- Á þessum tímamarki eru skýrustu merki um myndun ójafnvægis í hagkerfinu að finna á húsnæðismarkaði, en einnig er farið að reyna á þanþol vinnumarkaðar.



Lykiltölur 3M 2017

Hagnaður

3.353

m. kr.

3M 2016:
2.883 m. kr.

Eiginfjár-
þáttur 1

27,3%

31.12.2016:
26,5%

Kostnaðar-
hlutfall

64,4%

3M 2016:
60,2%

Vandræðalán

1,5%

31.12.2016:
1,6%

Arðsemi eigin
fjár

6,3%

3M 2016:
5,7%

Vogunar-
hlutfall

17,0%

31.12.2016:
18,0%

Stöðugildi

1,204

31.12.2016:
1,239

Íbúðalán/
Heildar útlán

39,7%

31.12.2016:
39,2%

Rekstrarreikningur



Rekstrarreikningur

Fjárhæðir í milljónum króna

Bættur grunnrekstur frá síðasta ári

- Hreinar vaxtatekjur lækka lítilllega vegna lægri verðbólgu
- Hreinar þóknatekjur eru stöðugar milli ára
- Hreinar fjármunatekjur eru jákvæðar vegna ávöxtunar skráðra hluta- og skuldabréfa
- Yfirtakan á Verði eykur tekjur af tryggingastarfsemi verulega
- Laun og launatengd gjöld stöðug þrátt fyrir að Vörður hafi bæst við samstæðuna
- Annar rekstrarkostnaður hækkar, m.a. vegna yfirtökunnar á Verði og úthýsingar á rekstri upplýsingatæknikerfa
- Jákvæð virðisbreyting á útlánum, bæði til fyrirtækja og einstaklinga

	3 mán. '17	3 mán. '16	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	7.160	7.273	(113)	-2%
Hreinar þóknatekjur	3.330	3.219	111	3%
Hreinar fjármunatekjur	1.230	(301)	1.531	-
Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi	447	144	302	-
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага	(34)	677	(711)	-105%
Aðrar rekstrartekjur	380	947	(567)	-60%
Rekstrartekjur	12.513	11.959	553	5%
Laun og launatengd gjöld	(4.222)	(4.108)	(114)	3%
Annar rekstrarkostnaður	(3.834)	(3.090)	(744)	24%
Bankaskattur	(797)	(742)	(55)	7%
Hrein virðisbreyting	880	(503)	1.383	-
Hagnaður fyrir skatta	4.540	3.516	1.024	29%
Tekjuskattur	(1.334)	(737)	(597)	81%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	147	104	43	41%
Hagnaður tímabilsins	3.353	2.883	470	16%

Hreinar vaxtatekjur

Fjárhæðir í milljórum króna

Vaxtatekjur af útlánum stöðugar en vaxtamunur lækkar vegna tímabundinna tækniþátta

- Verðbólga yfirleitt lág á fyrsta ársfjórðungi og hefur verið undir markmiði Seðlabankans í nokkurn tíma


- Lækkun á vaxtamun, einkum vegna snarprar hækkunar á skammtíma bankainnstæðum í lok tímabilsins

- Vaxtaberandi eignir hækka um 86 ma.kr. frá árslokum 2016 sem er um 8% af heildar eignum, aðallega skammtíma eignir


- Hreinar vaxtatekjur eru stöðugar vegna ábyrgrar útlánastarfsemi og virkrar lausafjárstýringar

- Sveiflur í bæði vaxtatekjum og vaxtagjöldum á tímabilinu eru fyrst og fremst vegna breytinga á verðbólgu



Hreinar vaxtatekjur



Vaxtatekjur



Vaxtagjöld




Hreinar þóknanatekjur

Fjárhæðir í milljörðum króna


Aukast lítillega frá fyrra ári en grundvöllur er fyrir enn meiri vöxt

- Tekjur Valitor halda áfram að aukast en tímabundin lækkun á framlegð og sveiflur í gengi gjaldmiðla hafa neikvæð áhrif
- Breytingar í markaðsumhverfi hafa neikvæð áhrif á tekjur af eignastýringu á fjórðungnum
- Markaðsviðskipti ganga vel en tekjur af fjárfestingarbankastarfsemi eru óstöðugar
- Árstíðabundnar sveiflur í öðrum þóknanatekjum

Skipting á hreinum þóknanatekjum 3M 2017



Hreinar þóknanatekjur





Hreinar fjármunatekjur

Fjárhæðir í milljörðum króna

Góð afkoma í krefjandi umhverfi

- Góð ávöxtun skráðra skulda- og hlutabréfa bankans á tímabilinu
- Hlutabréfavísitalan OMXI8 hækkaði aðeins um 0,5% á fjórðungnum
- Bankinn seldi alla eignarhluti sína í Símanum og Reitum á tímabilinu
- Gengi íslensku krónunnar sveiflaðist á tímabilinu en er svipað í lok tímabilsins og í árslok 2016 gagnvart helstu gjaldmiðlum
- Tap af afleiðum er einkum vegna neikvæðra gangvirðisbreytinga af þeim afleiðum fjárstýringar sem ekki eru nýttar í áhættuvarnarreikningskilum




Aðrar tekjur

Fjárhæðir í milljörðum króna


Tryggingar eru orðnar hluti af vöruframboði bankans

- Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi hækka m.v. sama tímabil í fyrra vegna yfirtökunnar á Verði á 4F 2016
- Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi munu aukast þar sem tryggingar verða hluti af vöruframboði viðskiptabankasviðs
- Smávægilegar virðisbreytingar á fjárfestingareignum

Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi



Aðrar tekjur






■ Fjárfestingareignir ■ Aðrar tekjur

Rekstrarkostnaður

Fjárhæðir í milljörðum króna

Fjöldi stöðugilda stöðugur hjá samstæðunni og fækkun hjá móðurfélaginu þrátt fyrir aukin umsvif

- Fækkun starfsmanna í móðurfélaginu þrátt fyrir nýtt útibú á Keflavíkurflugvelli er aðallega vegna stafrænna lausna og úthýsinga á rekstri upplýsingatæknikerfa
- Stöðugildum hjá samstæðunni fjölga aðeins um 41 þrátt fyrir að 67 stöðugildi hafi bæst við með Verði í lok árs 2016
- Laun eru fremur stöðug í samanburði við 1F 2016 þrátt fyrir yfirtökuna á Verði og fjölgun starfsmanna hjá Valitor
- Hækkun á öðrum rekstrarkostnaði frá sama tímabili í fyrra er einkum vegna Varðar, úthýsingar á upplýsingatæknikerfum og aðkeyptrar sérfræðipjónustu



Efnahagsreikningur



Efnahagsreikningur

Fjárhæðir í milljörðum króna

Takmarkaður lánavöxtur á tímabilinu að hluta til vegna ytri aðstæðna

- Langt verkfall sjómanna í byrjun árs hafði neikvæð áhrif á útlán til fyrirtækja
- Lífeyrissjóðirnir halda áfram að veita lán til íbúðakaupa til sjóðsfélaga í samkeppni við bankana, sem takmarkar vöxt í íbúðalánum
- Aukning í sjóðum og innstæðum hjá Seðlabanka Íslands vegna mikillar aukningar á skammtíma innlánum frá fagfjárfestum
- Sterk lausafjár- og eiginfjárstaða

Eignir	31.03.2017	2016	2015	2014	2013
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	179	88	48	21	38
Útlán til lánastofnana	68	80	87	109	102
Útlán til viðskiptavina	720	712	680	648	636
Verðbréfaeign	111	117	133	102	87
Fjárfestingareignir	6	5	8	7	29
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	1	1	27	22	18
Aðrar eignir	35	32	27	26	30
Eignir samtals	1.120	1.036	1.011	934	939

Skuldir og eigið fé



Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	10	8	11	23	28
Innlán frá viðskiptavinum	476	412	469	455	472
Aðrar skuldir	64	65	62	61	58
Lántaka	356	339	256	201	205
Víkjandi skuldir	-	-	10	32	32
Eigið fé	215	211	193	161	140
Hlutdeild minnihluta	0	0	9	2	5
Skuldir og eigið fé samtals	1.120	1.036	1.011	934	939

Lán til viðskiptavina

Fjárhæðir í milljörðum króna

Gott jafnvægi milli lána til einstaklinga og fyrirtækja

- Lán til fyrirtækja hækka vegna nýrra útlána
- Sveiflur í gengi krónunnar höfðu lítil áhrif
- Íbúðalán aukast þrátt fyrir samkeppni frá lífeyrissjóðum
- Mikil eftirspurn eftir útlánum til fyrirtækja
- Góð dreifing milli atvinnugreina í útlánunum til fyrirtækja
- Vandræðalán halda áfram að lækka






Skuldir og eigið fé

Fjárhæðir í milljórum króna

Hagstæður endurgreiðsluferill á langtímafjármögnun


- Í janúar gaf bankinn út 200 millj. evra til viðbótar við útgáfuna frá því í desember 2016. Heildar fjárhæð útgáfunnar er 500 millj. evra eða u.þ.b. 60 ma.kr.
- Þrjár minni útgáfur á alþjóðlegum mörkuðum voru gefnar út á tímabilinu, samtals 5,1 ma.kr.
- Bankinn gaf út sértryggt skuldabréf að fjárhæð 4,7 ma.kr. á tímabilinu
- Bankinn hélt áfram að greiða inn á EMTN skuldabréfið sem gefið var út til Kaupþings í upphafi árs 2016. Bréfið stendur nú í 100 millj. USD eða 11,4 ma.kr.



Jákvæð verðþróun á eftirmarkaði




Mismunur á ávöxtunarkröfu bréfa Arion banka og stóru norrænu bankanna hefur minnkað verulega

Útgáfa í evrum – Vaxtaálag yfir millibankavöxtum




Áframhaldandi sterk eiginfjárstaða

- Sterk eiginfjárstaða vegna góðrar arðsemi á undanförnum árum
- Áhættuvegnar eignir eru reiknaðar á grundvelli staðal aðferðar
- Eiginfjárpáttur 2 í lok tímabilsins var einungis almenn niðurfærsla á útlánum bankans
- Innstæður bankans hjá Seðlabanka Íslands jukust verulega á tímabilinu vegna hækkunar á innlánum. Vogunarhlutfall og hlutfall áhættuveginna eigna lækka þess vegna



Eigið fé


Eiginfjáruppbygging og kröfur (%)



- Eiginfjárréttir bankans byggja á CRDIV/CRR. Innleiðingin á Basel III leiðir til þess að áhættuvegnar eignir hækka, að öðru óbreyttu, en á móti kemur að almenna niðurfærsla bankans er nú hluti af eiginfjárbætti 2

- Á 4F 2017 munu samanlagðar kröfur um eiginfjárauka vera 8,4% miðað við núverandi áhættusnið bankans. Krafan getur hækkað lítillega með viðurkenningu FME á eiginfjáraukum erlendra ríkja
- Niðurstaða könnunar og matsferlis (e. SREP) gefur til kynna kröfu um 20,7% eigið fé, að meðtöldum fullinnleiddum eiginfjáraukum
- Að teknu tilliti til 1,5% innri varúðarauka var viðbótar eigið fé bankans um 42 ma.kr. þann 31. desember 2016

Eiginfjáraukar fyrir kerfislega mikilvæga banka á Íslandi (%)




*Á einungis við innlendar áhættuvegnar eignir

Sjóðstreymi

Fjárhæðir í milljörðum króna

Handbært fé hækkar einkum vegna innlána



- Vöxtur í skammtímainnlánum frá fagfjárfestum hefur mikil áhrif á handbært fé í lok tímabilsins
- Lítið um ný útlán á tímabilinu

Horft til framtíðar


- 1** Arion banki starfar í góðu og vaxandi hagkerfi
- 2** Vöxtur á lánasafni verður í takt við undirliggjandi vöxt í efnahagslífinu
- 3** Áhersla verður á stafrænar lausnir til að bæta þjónustu við viðskiptavini og lækka kostnað
- 4** Bankinn mun skoða hagræðingu á eigin fé, með arðgreiðslum eða kaupum á eigin bréfum

Kennitölur og reiknuð afkoma




Helstu kennitölur


Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)



Vaxtamunur (%)




Vandræðalán* (%)




Hlutfall lána á móti innlánnum (%)


Án lána sem fjármögnuð eru með sértryggðum skuldabréfum




Hlutfall eiginfjárþáttar A (%)



Lausafjárhlutfall (LCR) (%)




Heildar niðurfærð lán / Heildar lán (%)




* Vandræðalán (lán í yfir 90 daga vanskilum en ekki niðurfærð + lán með sértækri niðurfærslu) sem hlutfall af útlánnum til viðskiptavina

Helstu kennitölur


Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Verðtryggingarjöfnuður (ma.kr.)



Gjaldeyrisjófnumður (ma.kr.)




Áhættuvegnar eignir / heildareignir (%)




Þróun lykil mælikvarða

Fjárhæðir í milljörðum króna


Hreinar vaxtatekjur




Hreinar þóknatekjur



Rekstrarkostnaður



Hagnaður tímabilsins



	1F 2017	1F 2016	1F 2015	1F 2014	1F 2013	1F 2017	4F 2016	3F 2016	2F 2016	1F 2016
Rekstur										
Hreinar vaxtatekjur	7.160	7.273	5.783	5.483	6.288	7.160	7.842	7.431	7.353	7.273
Hreinar þóknatekjur	3.330	3.219	3.757	3.148	2.449	3.330	3.764	3.467	3.527	3.219
Rekstrartekjur	12.511	11.959	21.707	8.904	9.004	12.511	13.790	12.465	15.224	11.959
Rekstrarkostnaður	8.056	7.198	6.316	6.123	6.517	8.056	8.209	7.175	7.958	7.198
Hagnaður	3.353	2.883	14.906	2.865	1.409	3.353	4.477	7.503	6.876	2.883
Arðsemi eigin fjár	6,3%	5,7%	35,1%	7,8%	4,3%	6,3%	8,6%	14,4%	13,3%	5,7%
Vaxtamunur	2,8%	3,1%	2,6%	2,6%	3,1%	2,8%	3,2%	3,1%	3,1%	3,1%
Arðsemi eigna	1,2%	1,1%	6,2%	1,2%	0,6%	1,2%	1,7%	2,9%	2,7%	1,1%
Kostnaðarhlutfall	64,4%	60,2%	29,1%	68,8%	72,4%	64,4%	59,5%	57,6%	52,3%	60,2%
Kostnaður/heildareignir	3,0%	2,9%	2,6%	2,6%	2,9%	3,0%	3,2%	2,8%	3,2%	2,9%
Efnahagur										
Heildareignir	1.119.648	1.028.606	1.004.324	933.144	907.465	1.119.648	1.036.024	1.038.479	1.035.003	1.028.606
Útlán til viðskiptavina	720.198	694.004	649.089	642.341	565.526	720.198	712.422	715.907	713.136	694.004
Íbúðalán	302.679	285.886	274.484	267.791	190.008	302.679	298.971	294.954	289.707	285.886
Vandræðalán	1,5%	2,1%	3,2%	6,1%	10,2%	1,5%	1,6%	2,0%	1,9%	2,1%
Áhættuvegnareignir / heildareignir	66,4%	71,5%	72,5%	77,3%	73,0%	66,4%	72,7%	73,2%	71,8%	71,5%
Eiginfjárbáttur 1	27,3%	26,2%	21,2%	18,6%	19,1%	27,3%	26,5%	25,5%	26,8%	26,2%
Vogunarlutfall	17,0%	17,3%	-	-	-	17,0%	18,0%	17,4%	18,1%	17,3%
Lausafjárlutfall	163,5%	153,4%	192,0%	130,0%	-	163,5%	171,3%	194,1%	179,8%	153,4%
Lán móti innlánum	151,4%	160,2%	137,7%	136,5%	122,3%	151,4%	172,9%	165,7%	168,6%	160,2%

Reiknuð afkoma

Fjárhæðir í milljónum króna

	1F 2017	Breyting	Reiknað	
Hreinar vaxtatekjur	7.160	66	7.226	1)
Hreinar þóknatekjur	3.330	0	3.330	
Hreinar fjármunatekjur	1.230	(64)	1.166	2)
Hreinar tekjur af tryggingum	447	0	447	
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	(34)	0	(34)	
Aðrar rekstrartekjur	380	0	380	
Rekstrartekjur	12.513	2	12.515	
Laun og launatengd gjöld	(4.222)	0	(4.222)	
Annar rekstrarkostnaður	(3.834)	201	(3.633)	3)
Bankaskattur	(797)	0	(797)	
Hrein virðisbreyting	880	(1.919)	(1.039)	4)
Hagnaður fyrir skatta	4.540	(1.716)	2.824	
Tekjuskattur	(1.334)	429	(905)	5)
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	147	0	147	
Hagnaður	3.353	(1.287)	2.066	

Helstu breytingar:

- 1) Vaxtatekjur frá dótturfélögum í ótengdri starfsemi teknar út og vaxtatekjur reiknaðar á bókfært verð annarra eigna í ótengdri starfsemi
- 2) Virðisbreytingar eignarhluta sem tilheyra ekki kjarnastarfsemi
- 3) Kostnaður vegna sérfræðipjónustu og reiknaður kostnaður við ótengda starfsemi
- 4) Öll hrein virðisbreyting útlána færð út og 0,58% virðisrýrnun reiknuð á heildarútlán til viðskiptavina
- 5) Tekjuskattsáhrif á reiknaðar breytingar

Arðsemi eigin fjár	6,3%	3,9%
Kostnaðarhlutfall	66,4%	62,8%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,8%	2,9%

Starfsþættir




Viðskiptabankasvið

Fjárhæðir í milljónum króna

Jákvæð þróun á viðskiptabankasviði

- Viðskiptabankasvið veitir margvíslega þjónustu, þ.m.t. innlán og útlán, sparnað, greiðslukort, lífeyrissparnað, tryggingar, verðbréf og sjóði. Fagfjárfestingarsjóður Arion banka hf. er hluti af viðskiptabankasviði
- Til að ná fram hámarks skilvirkni er útibúum samstæðunnar skipt í fimm klasa og njóta smærri útibúin þar með hags af styrk stærri eininga innan hvers klasa
- Viðskiptavinir viðskiptabankasviðs, sem rekur 24 útibú og afgreiðslur víðsvegar um landið, eru yfir 100.000

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)



Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:

	1F 2017	1F 2016	Δ
Hreinar vaxtatekjur	3.974	4.028	-1%
Hreinar þóknatekjur	996	721	38%
Aðrar tekjur	55	31	77%
Rekstrartekjur	5.025	4.780	5%
Rekstrarkostnaður	(1.681)	(1.335)	26%
Hrein virðisbreyting	20	(1.993)	-
Hagnaður fyrir skatta	3.364	1.452	132%
	31.03.2017	31.12.2016	Δ
Útlán til viðskiptavina	469.337	460.420	2%
Innlán frá viðskiptavinum	309.445	295.628	5%
Úthlutað eigið fé í lok tímabilis	70.861	73.409	-3%

- Hreinar vaxtatekjur lækka vegna lægri vaxtamunar á útlánnum
- Hreinar vaxtatekjur eru u.þ.b. 80% af tekjum sviðsins


Fyrirtækjasvið

Fjárhæðir í milljónum króna

Lánabók fyrirtækja vel dreifð

- Fyrirtækjasvið veitir stærri fyrirtækjum landsins alhliða fjármálaþjónustu og sérsniðnar lausnir sem þjóna þeirra þörfum hverju sinni
- Sviðið þjónustar fyrirtæki landsins með lausnir á sviði fjármögnunar, innlána, greiðslumiðlunar og virðisaukandi rafrænnar þjónustu

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)



Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:

	1F 2017	1F 2016	Δ
Hreinar vaxtatekjur	1.656	1.585	4%
Hreinar þóknatekjur	176	256	-31%
Aðrar tekjur	176	9	1856%
Rekstrartekjur	2.008	1.850	9%
Rekstrarkostnaður	(188)	(162)	16%
Hrein virðisbreyting	819	194	322%
Hagnaður fyrir skatta	2.639	1.882	40%

	31.03.2017	31.12.2016	Δ
Útlán til viðskiptavina	241.925	242.634	0%
Innlán frá viðskiptavinum	17.370	12.223	42%
Úthlutað eigið fé í lok tímabilis	56.441	58.250	-3%

- Hreinar vaxtatekjur eru u.þ.b. 80% af tekjum sviðsins
- Hreinar þóknatekjur lækka vegna færri nýrra útlána á tímabilinu
- Hrein virðisbreyting er jákvæð, einkum vegna greiðslu í kjölfar nauðasamninga


Eignastýring

Fjárhæðir í milljónum króna

Stærsta eignastýring á Íslandi

- Skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankaþjónustu, fjárfestingarþjónustu og rekstur lífeyrissjóða. Stefnir hf. er hluti af eignastýringu
- Aðalsöluaðili sjóða Stefnis
- Annast sölu alþjóðlegra sjóða
- Stýring á eftirlaunasjóðum

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)



Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:

	1F 2017	1F 2016	Δ
Hreinar vaxtatekjur	146	157	-7%
Hreinar þóknatekjur	838	949	-12%
Aðrar tekjur	48	12	300%
Rekstrartekjur	1.032	1.118	-8%
Rekstrarkostnaður	(405)	(389)	4%
Hagnaður fyrir skatta	627	729	-14%

	31.03.2017	31.12.2016	Δ
Úthlutað eigið fé í lok tímabilis	6.109	5.574	10%
Eignir í stýringu	1.065.321	1.054.759	1%

- Hreinar þóknatekjur eru um 90% af tekjum sviðsins
- Breyting á markaðsumhverfi er helsta ástæða lækkunar hreinna þóknatekna milli ára


Fjárfestingarbankasvið

Fjárhæðir í milljónum króna

Áhersla á hreinar þóknatekjur

- Fjárfestingarbankasvið skiptist í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskipti og greiningardeild
- Fyrirtækjaráðgjöf veitir ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja og um stærri fjárhagsáskvarðanir sem fyrirtæki og fjárfestar standa frammi fyrir
- Markaðsviðskipti annast verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun fyrir hönd bankans
- Greiningardeildin fjallar um íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)



Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:

	1F 2017	1F 2016	Δ
Hreinar vaxtatekjur	69	832	-92%
Hreinar þóknatekjur	333	324	3%
Hreinar fjármunatekjur	(31)	(115)	-73%
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaganna	0	498	-100%
Aðrar tekjur	(31)	206	-115%
Rekstrartekjur	340	1.745	-81%
Rekstrarkostnaður	(194)	(337)	-42%
Hrein virðisbreyting	14	1.324	-99%
Hagnaður fyrir skatta	160	2.732	-94%

	31.03.2017	31.12.2016	Δ
Heildar eignir	18.947	16.835	13%
Úthlutað eigið fé í lok tímabilis	3.713	2.980	25%

- Hreinar þóknatekjur helstu tekjur sviðsins
- Lækkun á rekstrartekjum frá 1F 2016 einkum vegna lækkunar á vaxtaberandi eignum og flutningi eigna til skrifstofu bankastjóra í byrjun annars ársfjórðungs 2016

Fyrirvari

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.